

Sirkus Íslands <sirkusislands@gmail.com>

Til : Jóhanna María Sigmundsdóttir
Frá : Sirkus Íslands <sirkusislands@gmail.com>
Heiti : Sirkus Íslands til Búðardals
Málsnúmer : 2103009
Málsaðili : Sirkus Íslands ehf.
Skráð dags : 5.3.2021 11:40:42
Höfundur : Sirkus Íslands <sirkusislands@gmail.com>

Sælar!

Takk fyrir símtalið.

Eins og við ræddum þá erum við að skoða 10.-11.apríl sem mögulega sýningarhelgi til Búðardals, Stykkishólms og Snæfellsness. Þá eina sýningu á hverjum stað.

Við viljum kanna hvort Dalabúð eða ípróttahúsið séu laus til afnota fyrir sýninguna okkar 10.og/eða11.apríl. ?

Þá langar mig að senda inn eftirfarandi erindi til að kanna hvort bæjarfélagið hafi hug á að styrkja frekar við komu okkar.

"Farandsirkus Íslands.

Við erum 6 manna hópur frá Sirkus Íslands að flakka um landsbyggðina með fjöruga fjölskyldusýningu. Sýningin er um 65 mínútur og miðaverð er 3.000 kr fyrir börn og 3.500 kr fyrir fullorðna. Við seljum popp og kandífloss fyrir sýninguna. Farið er í einu og öllu eftir gildandi sóttvarnareglum. Það tekur okkur að meðaltali um 5,5 klst að mæta, setja upp, sýna og ganga frá.

Sýningin er styrkt af Mennta og menningarmálaráðuneyti en einnig hafa mörg sveitarfélögin verið að styðja enn frekar við komu okkar með því að lána okkur húsnæði okkur að kostnaðarlausu eða niðurgreitt. Sum hafa jafnvel keypt sýninguna af okkur og gefið bæjarbúum. Sýningin í heild sinni kostar 450.000 kr. Með þessu erindi viljum við kanna hvort Dalabyggð hafi áhuga á að styrkja komu okkar með húsnæði. Jafnframt vildum við varpa fram þessum möguleika um kaup á sýningunni. "

Hvernig hljómar þetta, María?

Bestu kveðjur,
Alda Brynja.